

- c. Getnaðarvarnarlyf.
- d. Lyf, sem ekki eru greind í gildandi lyfjaverðskrá, nema auglýst hafi verið sérstaklega að sjúkrasamlög taki þátt í kostnaði þeirra sbr. 5. gr.
- e. Lyf í ATC-flokki A 14 A (vefaukandi lyf) skulu merkt E,O í lyfjaverðskrá og greiðast samkv. ákvæðum 3. gr., enda framvisi sjúklingur lyfjaskirteini útgefnu af trúnaðarlækni samlags. Sé lyfjaskirteini ekki fyrir hendi tekur samlag ekki þátt í greiðslu lyfsins.

5. gr.

Heimilt er að greiða niður óskráð sérlyf, sem flutt eru inn samkvæmt undanþágu sbr. 8. gr. lyfjalaga nr. 49/1978 og fer um slíka greiðslu eftir þeim meginreglum, sem settar eru með reglugerð þessari.

Ráðuneytið gefur út skrá um slík undanþágulyf.

6. gr.

Lyfjanefnd gerir tillögur um greiðslutilhögun sérlyfja í samræmi við þær meginreglur, sem settar eru með reglugerð þessari.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 67/1971 um almannaþryggingar ásamt síðari breytingum og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð sama efnis nr. 289/1978 með áorðnum breytingum.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 29. apríl 1982.

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi í Reykjavík
og deiliskipulagi í Laugarási.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 16. apríl staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur frá 3. júlí 1967 að því er varðar breytta landnotkun í Laugarási þannig að svæði það sem ætlað var til útivistar verði ætlað fyrir íbúðabyggð og til útivistar. Jafnframt hefur ráðherra staðfest deiliskipulag íbúðasvæðisins.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19 1964 gera ráð fyrir og verið samþykktur af borgarráði og skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 20. apríl 1982.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfriður Snæbjörnsdóttir.